

## Viðskipti með landbúnaðarvörum

### Afstaða Samtaka iðnaðarins:

#### til núverandi tollasamnings Íslands og ESB frá 2018

Erfitt er að gera sér grein fyrir hverjir hagsmunir íslenskra fyrirtækja hafa verið af samningnum. Með samningnum fengu evrópskir framleiðendur góðan hluta af innanlandsmarkaði, virðisauka og atvinnu. Ávinningur íslenskra framleiðenda hefur verið lítil sem enginn. Í samningnum er ekki tekið tillit til gengisbreytinga né samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar í Evrópusambandinu í viðskiptum með kjötvörur. Þá hallar verulega á Ísland í viðskiptum með ost en ESB fær að flytja til Íslands tollfrjálst 610 tonn af ostum, á markað sem telur um 340 þúsund manns. Innflutningstölur sýna mikla aukningu á milli ára eða um tæp 100 tonn eða 18% og er hlutur innflutnings á ostum kominn í um 10% af ostaneyslu landsmanna. Til samanburðar þá eru um 50 tonn af ostum flutt út frá Íslandi á markað Evrópusambandsins sem telur um 500 milljónir manna.

Fyrir liggur að núverandi tollasamningur hefur verulega skekkt samkeppnisstöðu greina sem nota landbúnaðarhræfni í sína framleiðslu. Með tilkomu samningsins voru felldir niður tollar af bakarísvörum, ís, sælgæti, súpum, sósum og fleira sem borið höfðu tolla við innflutning. Var þessum tollum einkum ætlað að verðjafna fyrir landbúnaðarhræfni sem eru mun ódýrari samkeppnislöndum en hér á landi. Tollar á lykilhræfni í slíkri framleiðslu eins og mjólkur- og undanrennudufti, smjöri og eggjum héldust þó óbreyttir. Núverandi samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda skekktist því verulega með tilkomu samningsins. Þá hefur verið bent ítrekað á þann mismun sem framleiðendur laxaafurða búa við. Í því samhengi er vert að benda á að innflutningur á reyktum laxi frá ESB til Íslands ber engan toll en settur er 13% tollur á íslenskan lax sem fluttur er á markað í Evrópu.

Ljóst er að fyrirhuguð úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu mun hafa grundvallarbreytingar í för með sér. Með úrsögn Breta er ljóst að stærsta markaðssvæði íslenskra landbúnaðarafurða á Evrópumarkað hverfi úr samningnum. Eftir situr að þeir takmörkuðu tollkvótar sem samið var um fyrir íslenskar vörur á Evrópumarkað munu á engan hátt nýtast sem skyldi. Þessu verður að breyta.

#### Forsenda þeirra afstöðu

Tollkvótar á ostum hafa margfaldast. Auknar heimildir til útflutnings á skyri til Evrópusambandslanda eru víðs fjarri að vega upp þann skell sem mjólkurvinnslan verður orðið fyrir aukins ostainnflutnings og hliðaráhrifa af öðrum ákvæðum samningsins.

Tollkvótar á fersku nauta-, svína-, og alifuglakjöti hafa aukist um úr 650 tonnum í 2600 tonn. Á móti jókst tollkvóti Íslands til ESB fyrir lambakjöt úr 1850 tonn í 3000 tonn. Bent var ítrekað á að ekki hafi verið nein þörf verði á þeirri aukningu á komandi árum og því engin ástæða til að skipta á kvóta sem ekki verður notaður við útflutning og kvóta sem sannarlega verður notaður til að flytja miklu meira til landsins og raska innlendum kjötmarkaði með verulegum afleiðingum. Vert er að benda á að meira en helmingur alls útflutnings á kindakjöti til ESB hefur farið á Bretlandsmarkað. Með útgöngu Breta af Evrópumarkaði þá eru þessar forsendur algjörlega brostnar.

Tollkvótar á unnum kjötvörum til Íslands jukust úr 150 tonnum í 750 tonn. Þessi mikla aukning á innflutningi unninna kjötvara hefur haft veruleg neikvæð áhrif á innlenda kjötvinnslu, sér í lagi á innlenda framleiðslu svínakjötsafurða. Innlendar kjötvinnslur búa

nú við að keppa við innfluttar vörur frá svæðum sem búa við mun lægra hráefnisverð og miklu lægri launakostnað en innlendar vinnslur gera.

Augljós samkeppnismismunur liggur í því að leyfa innflutning frá löndum innan ESB þar sem allt aðrar og vægari kröfur eru gerðar um dýravelferð, rekjanleika, lyfjanotkun, örveruviðmið og örverueftirlit en hér á landi. Það er því gróf mismunur að leyfa innflutning og samkeppni frá löndum sem gera minni kröfur til framleiðenda hvað þetta varðar. Samngjörn krafa er að aðeins verði leyfður innflutningur frá löndum innan ESB sem gera sambærilegar kröfur og gilda hér á landi.

## Ef breyta ætti samningnum, hvaða breytingar væru æskilegar

Í byrjun árs 2019 kynntu stjórnvöld aðgerðaráætlun sína sem ætlað var að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendar matvælaframleiðslu. Ein af þeim aðgerðum snýr að greiningu á þróun tollverndar og stöðu íslensk landbúnaðar gagnvart breytingum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Starfshópur um það mál var skipaður í júní 2019 sem enn hefur ekki skilað af sér þeirri greiningu. Sambærileg tillaga var lögð fram af starfshópi sem ráðherra landbúnaðarmála skipaði árið 2016, um afleiðingar tollasamnings við ESB. Í skýrslu þess starfshóps var lagt til að stjórnvöld myndu skipa starfshóp sem yrði farin greining á stöðu íslensk landbúnaðar gagnvart breytingum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.

Ljóst er að þrátt fyrir yfirlýstan vilja stjórnvalda til að kanna raunveruleg áhrif þróun tollaverndar og stöðu íslensks landbúnaðar gagnvart þeim miklu breytingum sem hafa orðið í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi þá hefur skort á framkvæmd í þeim málum. Á meðan raunverulegra gagna um áhrif samningsins liggja ekki fyrir er ljóst að ekki verði hægt að fjalla um þau mál með gagnrýnum hætti. Það er því gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld hraði þeirri vinnu til að öðlast raunverulega yfirsýn á einstaka liði samningsins og skilnings um áhrif og þróun tollasamnings Íslands við ESB.

## Mat á þróun innanlandsmarkaðar með landbúnaðarvörur til lengri tíma

Innanlandsmarkaður mun að óbreyttu vaxa um 2-3% á ári en á móti þá fer hlutdeild innlendar framleiðslu sífellt minnkandi að óbreyttu og afkoma fyrirtækja mun halda áfram að versna

## Mat á þróun innlendar framleiðslu og útflutningstækifæra til lengri tíma

Ef litið er til smæðar Íslands og þess að íslensk framleiðslufyrirtæki eru smá á hinum alþjóðlega markaði þá er mjög ólíklegt að raunverulegur útflutningur í þeim skilningi verði að veruleika. Mögulegt er að keppa í magni eða í gæðum (þ.e. sérstöðu sem neytendur eru reiðubúnir að greiða aukalega fyrir). Ljóst er af þessu tvennu að tækifæri innlendra fyrirtækja til útflutnings liggja í sérstöðu. Íslensk kjötframleiðsla er þeim takmörkunum háð að hér á landi er byggð mjög dreifð og því allar flutningsleiðir langar og því um mikla óhagkvæmni að ræða þegar kemur að samkeppnishæfni íslenskrar kjötframleiðslu. Líklegra má vænta þess að einstakar afurðir, framleiðsla, kunni að skila einhverjum útflutningstekjum tiltekinni framleiðenda en aldrei að því marki að hægt verði að ræða um raunverulegan útflutning. Þá mun að öllum líkindum verða áframhald á útflutningi framleiðenda á aukaafurðum sem ekki fæst verð fyrir hér á innanlandsmarkaði. Þær tekjur teljast smávægilegar sem hlutfall veltu fyrirtækja.

Fh. Samtaka iðnaðarins: Gunnar Sigurðarson gunnar@si.is

